

SKÝRSLA STJÓRNAR K.K.Í.

1978- 1979

SKÝRSLA STJÓRNAR

Síðasta keppnistímabil hefur verið einstakt í sögu Körfuknattleiks-sambands Íslands.

Eftir þá reynslu, sem aflast hefur á þessu ári, er ljóst að öll starfsemi KKÍ mun breytast á næstu árum.

Með þeim umsvifum sem hafa verið s.l. ár og fyrirsjáanleg eru næstu ár, verður ekki hægt að reka sambandið með sjálfboðaliðavinnu eins og hingað til hefur tíðkast.

Sambandið hlýtur að stefna að því að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf allt árið til að annast daglegan rekstur.

Einnig er fyrirsjáanlegt að taka verður ákvarðanir í ýmsum þeim málaflokkum sem vanræktir hafa verið hingað til.

Á síðasta ári tókst að auka mjög áhuga meðal almennings á körfuknattleik.

Fjöldi áhorfenda á leikjum óx mikið og íþróttinni var gert hærra undir höfði í fjölmiðlum en áður hefur þekkt.

Heildarfjöldi áhorfenda í vetur var rúmlega 20 þúsund, þar af voru þrír leikir sem yfir þúsund áhorfendur komu að sjá.

Tæplega 3000 manns komu að sjá auka úrslitaleik Íslandsmótsins.

Af þessu má sjá að áhorfendafjöldi hefur aukist um rúmlega 400% frá fyrra ári, sem þó var metár.

Þessi mikla þensla hefur endurspeglast í öllu starfi sambandsins s.l. ár, nema í áhuga fólks á að vinna fyrir KKÍ.

Ætla má að mannaflaþörf sambandsins hafi aukist um 200% frá fyrra ári.

Því miður hefur ekki tekist að fá það marga til starfa, að þessari þörf væri fullnægt.

Af þessum sökum hafa mörf mál orðið að sitja á hakanum.

Sem dæmi má nefna að framkvæmd móta hefur gengið erfiðlega, námskeið fyrir dómara hafa fallið niður og einnig minniboltamót o.fl.

Skortur á mannskap hefur orðið enn tilfinnanlegri fyrir þá sök að nokkrir menn hafa hætt störfum fyrir KKÍ vegna óánægju með störf stjórnarinnar.

Mót og keppni.

Í vetur var sú nýbreytni tekin upp að í yngri flokkum var keppt í sveðum. Átlunin var að svæðisnefndir á hverjum stað sæu um framkvæmd keppinnar. Sú hefur þó einungis orðið raunin í Reykjavík.

Það er enginn efi, að svæðafyrirkomulagið er hið heppilegasta sem við eigum vöð á, miðað við núverandi ástand og með því að hefла af þá vankanta sem komið hafa fram í vetur má fara framkvæmdina til heimamanna.

Í vetur var á vegum KKÍ hafin bikarkeppni II. flokks og framhaldsskólakeppni í körfuknattleik.

Til þeirra var stofnað til að veita piltum í II. aldursflokki fleiri verkefni og þess er að vanta að þær verði árlegar hér eftir.

Framkvæmd á keppni í I. deild hefur reynst mjög erfið s.l. vetur. Reikna má með að það fyrirkomulag að hafa 8 lið í deildinni sé of dýrt og of þungt í vöfum, auk þess að það tryggir ekki nægilega hraða endurnýjun liða í deildinni.

Fimm liða deild með fjórfaldri umferð leysir ef til vill betur þennan vanda.

Útbreiðsla og útgáfa.

Þegar sú stjórn sem setið hefur við stjórnvöl s.l. ár tók við stjórnartaumum var eitt af stefnumálum hennar að vinna að markvissri útbreiðslu körfuknattleiks. Því miður hefur stjórnin ekki borið gæfu til að standa við yfirlýsta stefnu í þessum málum.

Þó hefur KKÍ tekist að koma samstarfi við fjölmiðla í gott horf svo umræða um íþróttina hefur verið meiri í vetur en áður.

Drengjum sem æfa minnibolta voru gefnir boðsmiðar á leiki Úrvalsdeildar í vetur. Sú nýbreytni gafst nokkuð vel.

Útgáfa hefur ekki verið mikil á vegum KKÍ til þessa. Í vetur gerði stjórnin tilraun til að bæta úr þessu og gefa út kynningarrit um Úrvalsdeildina og félagin sem leika í henni. Vegna slæmra undirtekta félaganna varð KKÍ þó að hætta við þetta fyrirtæki.

Í vetur hefur verið gefið út fréttabréf á vegum sambandsins. Það nefnist "KKÍ fréttir" og er hugsað sem vísir að umfangsmeiri útgáfu þegar fram líða stundir.

Ljóst er að næsta stjórn sambandsins verður að ná betri tókum á þessum málaflokki en fráfarandi stjórn gerði.

Menntun og þjálfun.

Mikið hefur verið rætt um þann skort á dómurum sem hrjáir íslenskan körfuknattleik.

Einnig hefur hingað til verið algjör vöntun á kerfisbundinni menntun þjálfara.

Dómaranámskeið á vegum sambandsins fórst fyrir s.l. haust og síðan hefur ekki tekist að koma lagi á þau mál.

Menntunar og þjálfunarmál Körfuknattleikssambandsins verður að leysa með markvissri áætlun til 3-5 ára.

Til þess að sú vinna sem lögð verður í uppbyggingu menntunar- og þjálfunarmála nýtist, er nauðsynlegt að hefjast handa strax að loknu ársþingi, að byggja upp starfið næstu ár.

Stjórn KKÍ hefur því hafið könnun á þeim möguleika að fá erlendan þjálfara og erlendandómara næsta haust til að aðstoða sambandið við uppbyggingu menntunarmála og námskeiðahalds.

Landið og alþjóðleg samskipti.

Einungis fjórir landsleikir voru leiknir á síðasta keppnistímabili. Tveir við Dani og tveir við Skota.

Þeir fóru allir fram erlendis og voru leiknir á fimm dögum í einni ferð.

Fyrir ferðina hafði lítið tóm gefist til æfinga fyrir liðið.

Þess vegna verður að telja árangur ferðarinnar vel viðunandi, en leikir fóru þannig að tveir leikir unnust og tveir töpuðust, þar af annar með eins stigs mun.

Sérstaklega var sigur liðsins á Skota 86:76 glæsilegur. Þess má geta að helgina eftir þetta tap unnu Skotar, Luxembourg Sviss og Noreg, örugglega.

Það er ljóst að gefa verður landsleikjum og samskiptum við aðrar þjóðir meiri gaum, en gert var s.l. keppnistímabil. Næsta ár verður að gefa landsleikjum hér heima forgang, umfram leiki Úrvalsdeildar, andstætt því sem var s.l. vetur.

Þess verður þó að gæta að keppni innanlands rofni ekki af þessum sökum og tryggja verður gott samræmi milli keppni innanlands og landsleikja

Það hlýtur að verða stefna næstu stjórnar KKÍ að bæta árangur Íslands á alþjóðavettvangi.

Algjör forsenda fyrir starfi landsliðsnefndar hlýtur þó að vera sú að fjárhagslegur rekstur landsliðsins sé algjörlega sjálfstæður. Landsliðið verður þó að reka algjörlega innan þess ramma, sem fjárhagsáætlun þess setur og ekki má stofna til skulda utan þessa ramma, eins og gert hefur verið á undanförunum árum.

Fjárhagslegur rekstur.

Fráfarandi stjórn KKÍ lagði á það mikla áherslu í upphafi starfstíma síns að bókhald sambandsins væri fært reglulega og gæfi á hverjum tíma yfirlit um fjárhagsstöðu þess. Þetta hefur tekist í stórum dráttum. Þó er ljóst að endurskipuleggja þarf bókhald KKÍ með tilliti til breytinga sem orðið hafa á rekstri þess.

Einnig er augljóst að beita verður mun harka legri innheimtu- aðgerðum en nú tíðkast, þar sem skilvísí einstakra félaga er stórlega ábótavant.

Þegar á heildina er litið verður þó að telja að fjárhagslegum rekstri sambandsins hafi miðað mikið í rétta átt s.l. ár og rétt sé að halda áfram á sömu braut.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Þessi skýrsla er nokkuð frábrugðin fyrri skýrslum Mótanefndar. Hér munu ekki rakin úrslit í einstökum leikjum heldur einungis helstu úrslit.

Aðaláhersla er hins vegar lögð á hugleiðingar um þá reynslu sem aflast hefur s.l. vetur og tilraun gerð til að bera fram tillögur til úrbóta.

ÚRVALSDEILD

Hið nýja fyrirkomulag keppni um Íslandsmeistaratitilinn hfur reynst mjög vel.

Mjög spennandi keppni og góður frétt aflutningur hafa mjög aukið áhuga almennings.

Í ár sáu rúmlega 20 þúsund áhorfendur leiki Úrvalsdeildar og bikarkeppni.

Engir sérstakir erfiðleikar voru við framkvæmd keppinnar umfram þá sem reiknað hafði verið með.

Þess ber þó að gæta að deildin fékk algjöran forgang hjá sambandinu.

Rétt er að vara menn við óþarfa bjartsýni næsta ár, þar sem fyrirsjáanlega verður að gera öðrum verkefnum herra undir höfði en s.l. vetur.

Íslandsmeistari 1979 varð KR. Þeir sigruðu einnig í bikarkeppninni Þón, Akureyri féll í I.deild.

I. OG II.DEILD

Fyrirsjáanlegt er að framkvæmd I.deildar verður ákaflega erfið. Þau átta lið sem í deildinni leika eru svo dreifð um landið að ferðakostnaður verður óhóflegur og öll framkvæmd mjög háð samgönguöryggi.

Í 2. deild voru einungis 5 lið s.l. vetur, þar af lék eitt lið einungis tvo leiki.

Það var áberandi í I. deild hversu mikill munur var á bestu og slökustu liðunum.

Að mati undirritaðs er útilokað að 8 liða I.deild geti í næstu framtíð boðið upp á spennu og þá jöfnu keppni, sem nauðsynleg er.

Sigurvegari í I.deild var Fram. Úr I.deild féll KFÍ.

Sigurvegari 2. deildar var Umf. Skallagrímur.

ADRIR FLOKKAR

Þegar þessi skýrsla er rituð er keppni ekki lokið í öðrum flokkum Íslandsmótsins en Úrvalsdeildar 1. og 2. deild karla.

Í bikarkeppni kvenna sigraði ÍR og í bikarkeppni 2. flokks UMFN.

Í vetur var landinu skipt í fimm svæði og var keppt í yngri flokkunum eftir svæðaskiptingunni.

Framkvæmd á þessu fyrirkomulagi gekk heldur stíðlega enda um frumraun að ræða. Það er þó skoðun undirritaðs að auðvelt sé að komast fram hjá helstu vandkvæðum, sem komið hafa upp í vetur með því að láta viðkomandi svæðisnefnd sjá algjörlega um framkvæmd keppninnar.

Húsnæðisskortur í stærstu stöðum komu oftast niður á yngri flokkunum. Ef svæðisbundin mót eins og Reykjavíkurmót t.d. væri unnt að hefja fyrir en nú og leika jafnvel í öðrum húsum en helstu keppnissölum mundi framkvæmd Íslandsmóts í yngri flokkunum lagast nokkuð og unnt væri að ljúka svæðiskeppnum fyrir en í vetur.

HELSTU NÝJUNGAR

Ekki hefur verið efnt til mikillar nýbreytni í keppni í vetur á vegum KÍ.

Þó má geta þess að í vetur var hafin keppni í bikarkeppni 2. flokks karla.

Einnig var stofnað til keppni framhaldsskóla í körfuknattleik.

Undirtektir voru góðar og er þess að vænta að báðar þessar keppnir verði árlegur viðburður framvegis.

Tilgangur KÍ með bikarkeppninni og skólakeppninni er fyrst og fremst að skapa drengjum í 2.aldursflokki aukin verkefni.

Stjórn KÍ hefur ákveðið að stofna til utanhússmóts í körfuknattleik til reyngslu.

Samkomulag hefur tekist milli KÍ og Umf. Njarðvíkur að UMFN annist framkvæmd fyrsta mótsins n.k. sumar.

TILLÖGUR UM FREKARI NÝBREYTNÍ

Því miður varð skortur á samstarfsmönnum og naumur tími s.l. sumar til þess að ekki reyndist unnt að reyna nokkrar athyglisverðar hugmyndir.

Þar á meðal má nefna skólakeppni fyrir efstu bekki grunnskólans (4. og 3. flokk), keppni í þessum aldursflokkum hefur einu sinni a.j.k. verið reynd og gafst vel. Hana verður hins vegar að skipuleggja vel ef hún á að ná til landsins alls.

Mótanefnd KÍ ætti einnig að beita sér fyrir hraðmótum í yngri flokkum víðs vegar um land í samvinnu við félag heima í héraði. Hugmyndir í þessa átt voru á lofti í vetur en ekki tókst að framkvæma þær þrátt fyrir mikinn áhuga nokkurra félaga.

Að síðustu má nefna firmakeppni í körfuknattleik. Hér er ekki átt við hraðmót eins og ýmis félag hafa haldið undanfarin ár heldur keppni sem e.t.v. tæki nokkrar vikur eða mánuði. Til samanburðar má nefna skákkeppni stofnanna þar sem keppt er í tveimur riðlum A og B og bestu lið úr B riðli öðlast sæti í A riðli næsta ár en önnur falla niður.

Á það er einnig að benda að nota má Monradkerfi til að gera keppni skemmtilegri þegar mörg lið taka þátt og ekki geta allir leikið við alla.

LOKAORÐ

Sú staðreynd að fráfaraði stjórni tókst ekki að fá neinn af fulltrúum aðildarfélaganna til að taka að sér formennsku í mótanefnd lýsir e.t.v. best þeim vanda sem er stærstur við framkvæmd móta.

Undirritaður beinlínis neyddist til að taka að sér formennsku í mótanefnd jafnhliða formennsku í sambandinu. Þetta hefur hvort tveggja verið talið fullt starf hingað til og þarf því engan að undra þó ýmislegt hafi misfarist við framkvæmd móta í vetur.

Þetta fyrirkomulag getur ekki gengið oftar. Til að tryggja að til forystu í mótanefnd veljist maður sem nýtur trausts félaganna og er jafnframt ábyrgur beint gagnvart þeim en ekki í gegn um stjórn KKÍ er eðlilegt að formaður mótanefndar sé kosinn á Körfuknattleikspingi.

Með þessu móti er einnig tryggt að félögin geta sjálf valið sér mann sem þau treysta til að stjórna mótum keppnistímabilsins.

Stefán Ingólfsson

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR

Þessi skýrsla er gerð undir nokkuð sérstökum kringumstæðum. Fyrir skömmu síðan sagði formaður nefndarinnar af sér og af því leiðir að þetta er skýrsla tveggja nefndarmanna í stað þriggja.

Þegar nefndin kom saman s.l. haust kom í ljós að engin verkefni voru fyrirbyggjandi. Var þá hafist handa við að senda fyrirspurnir út til ýmissa Evrópuþjóða um hugsanlega landsleiki, en þó var okkur nokkuð þröngur stakkur sniðinn með tíma, vegna úrvalsdeildar. Yfirleitt voru svörin neikvæð en þó var okkur boðið að taka þátt í fjögurra landa keppni í Skotlandi með þátttöku Skota, Englendinga og Norðmanna auk okkar. Ákveðið var að þekkjast boðið en því miður drógu Englendingar og Norðmenn sig til baka.

Þrátt fyrir þetta var ákveðið að fara til Skotlands og spila þar tvo leiki.

Einnig fengust tveir landsleikir við Dani og var spilað í Kaupmannahöfn, en nú í vor eru einmitt 20 ár síðan við lékum okkar fyrsta landsleik og var það einmitt við Dani í Kaupmannahöfn.

Undirbúningur landsliðsins var í algjöru lágmarki og e.t.v. eitthvað fyrir neðan lágmark. Þetta stafaði af því, að það drógst á langinn að úrslit fengjust í úrvalsdeildinni og var því alls ekki hægt að koma æfingum við. Einn liður í undirbúningi landsliðsins var þátttaka í sendiherrakeppninni. Fyrir utanlandsferðina tókst að ljúka tveimur leikjum í þeirri keppni og unnust þeir báðir.

Til þess að annast þjálfun landsliðsins var fenginn Tim Dwyer og þótti hann standa sig vel miðað við þann tíma sem hann fékk til ráðstöfunar.

Ferðin til Skotlands og Danmerkur þótti takast mjög vel og var árangur liðsins vel viðunandi.

Á breiddina litið er nefndin nokkuð ánægð með starf sitt, en það er hins vegar álit okkar að landsliðsnefnd ætti að vera kosin til lengri tíma en eins árs í senn.

Í landsliðsnefnd K.K.Í.

Sigurður Jónsson

Kristinn M. Stefánsson

SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR KKÍ.

Verkefni unglínganefndar s.l. starfsár voru þessi:

1. Æfingabúðir Laugarvatni
2. Hraðmót UL 1978
3. Norðurlandamót unglíngafí Finnlandi 1979
4. Unglíngamót KKÍ 3.flokks.
5. Evrópumót Cadetta Þýskalandi 1979

Æfingabúðir Laugarvatni.

Til æfingabúðanna voru boðaðir 32 piltar úr árg. 1960-1961-1962 og 1963 og var dvalið á Laugarvatni dagana 11.-18.ágúst.

Æft var samtals 32 klukkustundir en auk þess stunduðu piltarnir sund gufubað og haldnar voru kvíkmyndasýningar, spilakvöl o.fl. Formaður og varaformaður KKÍ komu austur og áttu kvöldstund með hópnum, skýrðu frá starfsemi KKÍ og svöruðu fyrirspurnum.

Í sumar verður enn haldið að Laugarvatni og í þetta sinn verður dvalartími 2 vikur dagana 10.-24.ágúst.

Hraðmót Unglíngalandsliðs 1978

Þátttakendur í móttinu voru: Ármann, Fram, ÍR, KR, ÍS, UMFG, Valur og UMFN.

Dregið var um leiki og röð leikja. Úrslit urðu sem hér segir.

1.leikur ÍR-Ármann	41:28
2.leikur UMFG-KR	40:36
3.leikur Fram-ÍS	36:27
4.leikur Valur UMFN	35:30
Undanúrslit ÍR-UMFG	45:25
Undanúrslit Valur-Fram	27:24
Úrslit Valur - ÍR	33:32

Sigurvegarnar urðu því Valsmenn, sem og í fyrra, og var þeim að leik loknum afhent Tropicannastyttan, sem Sól hf. gaf.

Framkvæmd mótsins tókst betur til en í fyrra og höfðu leikrelgur verið færðar til betri vegar í þeim tilgangi að gera leikina skemmtilegri. Tekjur af móttinu sjálfu voru litlar, en leikmenn Norðurlandamótsliðsins söfnuðu auglýsingum í leikskrá mótsins fyrir um kr. 700.000.-

Unglingamót KKI 24.-25.febrúar 1979.

Til mótsins var boðið 3.flokks liðum þessara félaga: Ármanns, Hauka, Fram, ÍR, KS, Vals, ÍBK, UMFN og UMFG:

Tilgangur mótsins var í senn að gefa leikmönnum í þessum flokki kost á fjölbreyttari keppni, sjá á einu bretti marga efni-
legustu leikmanna okkar og enn sem fyrr var gein út leikskrá sem í söfnuðust auglýsingar fyrir um kr. 775.000.-

Keptt varí 3 eiðlum og komust 2 efstu lið hvers í milliriðla sem voru tveir. Léku efstu lið milliriðla til úrslita, næstefstu um 3. sætið og neðstu um það 5.

Úrslit urðu þessi:

A-riðill:	B-riðill:	C-riðill:
ÍR-Fram 33:17	KR-ÍBK 19:28	Ármann-Haukar 16:27
UMFN-ÍR 18:24	Valur-KR 25:22	UMFG-Ármann 25:33
Fram-UMFN 32:28	ÍBK-Valur 17:32	Haukar-UMFG 32:16

Milliriðlar:

I-riðill:	ÍR-ÍBK 36:32	II-riðill:	Valur-Ármann 23:15
	ÍR-Haukar 37:35		Fram-Valur 28:25
	ÍBK-Haukar 32:34		Fram-Ármann 27:21

Úrslit:	5.sætið:	ÍBK-Ármann 31:33
	3.sætið:	Haukar-Valur 35:29
	1.sætið:	ÍR-Fram 34:18

- 1.sæti: ÍR
- 2.sæti: Fram
- 3.sæti: Haukar
- 4.sæti: Valur
- 5.sæti: Ármann
- 6.sæti: ÍBK

Í mótslok var sigurvegurinum ÍR færður bikar auk verðlaunapeninga.

Evrópumót Cadetta, Hagen, V.Þýskalandi 4.-9.apríl, 1979

Til þessarar ferðar voru eftirtaldir leikmenn valdir

- Axel Nikulásson ÍBK
- Guðjón Þórðarson Haukum
- Hálfván Markússon Haukum
- Jón Kr. Gíslason ÍBK

Pálmar Sigurðsson Haukum
Sigurður Sigurðsson ÍBK
Sverrir Hjörleifsson Haukum
Valdimar K. Guðlaugsson Ármanni
Valur Ingimundarson UMFN
Viðar Vignisson IBK
Willum Þórsson KR

Æfingar þessa hóps hófust í október með einum tíma á viku fram til áramóta en eftir það 2svar í viku auk æfingaleikja. Eins og fyrr þurftu piltarnir að standa undir kostnaði við ferðina, en þeim var gefinn kostur á auglýsingasöfnun auk spjaldhappdrættis.

Haldið var utan 4.apríl og komið til Hagen að kvöldi þess dags. Gistum við á Farfuglaheimili í Hagen, þar sem öll aðstaða var fremur bágborin, en viðurværi gott.

Úrslit leikja okkar urðu þessi:

Ísland -V.Þýskaland	36:108	(22:55)
Ísland-Wales	60:62	(28:33)
Ísland-Belgía	46:70	(12:34)
Ísland Frakkland	54:79	(22:38)
Ísland-Portugal	66:70	(32:29)

Um leikina í heild er það að segja að fyrstu tveir leikirnir voru mjög slakir, en síðan voru þeir stigbatnandi, með síðasta leikinn þann albesta,

Öllu verst var þó að tapa fyrir Walesbúum sem að flestuleyti standa okkur að baki á sviði körfuknattleiks.

Fimmti stigahæsti maður mótsins með 80 stig var Valur Ingimundarson. Dómari í ferðinni var Kristbjörn Albertsson og var hann sem fyrr jafnframt fararstjóri. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir samstarfið í vetur.

Í mótinu í Hagen var unglíngalandsliðspiltunum í fyrsta sinn afhent næla úr bronsi í viðurkenningarskyni fyrir sinn fyrsta unglíngalandsleik.

Verður í framtíðinni afhent silfurmerki fyrir 10 leiki og gullmerki fyrir 20 unglíngalandsleiki. Verið er að kanna möguleika á að láta afhendingu merkja ná aftur í tímann.

Norðurlandamót unglunga, Lahti Finnlandi 5.-7.janúar 1979.

Til fararinnar voru valdir eftirtaldir leikmenn:

Einar Ó Steinsson	ÍBK
Flosi Sigurðsson	Fram
Guðbrandur Sigurðsson	Fram
Guðjón Þorsteinsson	UMFN
Jón H. Steingrímsson	Ármani
Kristján Arason	Haukum
Sigurður Bjarnason	ÍR
Sigurður Sigurðsson	ÍBK
Sigurjón Sigurðsson	ÍR
Sveinn Sigurbergsson	Haukum
Valdimar K. Guðlaugsson	Ármani

Flestir piltanna voru á Laugarvatni um sumarið, en æfingar hófust síðan í endaðan september og voru vikulega 2 tíma í sinn í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi. Síðustu viku fyrir mót voru æfingar daglega auk funda með leikmönnum, og enn sem fyrr voru leiknir æfingaleikir við hin ýmsu úrvalsdeildarfélag, en slíkir leikir voru mjög þýðingarmiklir í undirbúningnum.

Úrslit leikja á Norðurlandamótinu urðu þessi:

Ísland-Finnland	57:99	(28:43)
Ísland-Svíþjóð	72:77	(66:66) (28:32)
Ísland-Danmörk	56:86	(25:43)
Ísland-Noregur	85:76	(46:44)

Um leikina er þetta að segja: Áttum við aldrei möguleika á sigri gegn Finnlandi og Danmörku, en vorum virkilega óheppnir að tapa fyrir Svíum, sem náðu að jafna 2 sek fyrir leikslök.

Svíarnir reyndust svo sterkari í framlengingunni og þar með hvarf vonin um 3ja sætið á mótinu. Röð liðanna varð þessi:

1. Finnland
2. Danmörk
3. Svíþjóð
4. Ísland
5. Noregur

Dómari í ferðinni var Jón Otti Ólafsson og fararstjóri Kristbjörn Albertsson og er að öðru leyti vísað í skýrslu hans um ferðina.

Verkefnið framundan:

1. Æfingabúðir á Laugarvatni dagana 10.-24.ágúst n.k.
Til staðarins verða boðaðir piltar fæddir 1961-1962 og 1963-1964 og verður þeim skipt í tvo hópa sína dvalarvikuna hvor.
2. Unglingalandsleikir gegn Írlandi. Írar hafa sýnt mikinn áhuga á að koma hingað til lands í september með juniora lið sitt og eru samningar um leikdaga og nánari skipulag í gangi.
3. Unglingamót KKÍ 2.flokks verður væntanlega haldið í september eða október í haust.
4. Hraðmót UL 1979 verður haldið að venju milli jóla og nýárs með sama sniði og síðast.
5. Evrópumót Juniora 1980. Þegar hefur verið tilkynnt um þátttöku í þetta mót, en dregið verður í niðla og keppnisstaðir ákveðnir á FIBA þingi nú í júní n.k.
6. Hafnar eru bréfaskriftir við Wales um gagnkvæmar heimsóknir næsta vetur en tími er enn óráðinn.

Unglinganefnd vill að lokum þakka gott samstarf þeim fjölmörgu aðilum, sem hún hefur átt samskipti við og allra helst unglíngalandsliðspiltunum sjálfum sem eins og jafnan áður sýna dugnað sem til fyrirmyndar er.

Reykjavík 24.apríl 1979

Unglinganefnd KKÍ
Gunnar Gunnarsson
Ingvar S. Jónsson.

REKSTRARREIKNINGUR KÍÍ 1.5.1978 - 25.4.1979

GJÖLD:

1.	Styrkur til landsliðsnefndar	Kr.	397.495
	Styrkur til dómaranefndar	"	225.000
	Styrkur til unglínganefndar	"	700.000
	Polar-Cup 1978 (eftirstöðvar)	"	17.536

Annar Kostnaður:

Húsaleiga skrifstofu	Kr.	143.000	
Þinghald og ráðstefnur	"	199.660	
Laun framkvæmdarstjóra	"	1.434.090	
Sími - burðargjöld	"	365.758	
Pappír, prentun, ritföng	"	264.556	
Ræsting, rafmagn, hiti	"	66.688	
Argjald FIBA	"	157.200	
Veitingar	"	10.710	
Auglýsingar	"	12.000	
Viðhald húsnæðis	"	3.950	
Gjafir	"	<u>15.000</u>	Kr. 2.672.612
Vaxtagjöld			" 1.840.770
Afskriftir			" 73.880
Tekjuafgangur			<u>" 630.649</u>
			Kr. 6.557.942

TEKJUR:

2.	Íslandsmót	Kr.	2.009.764
3.	Bikarkeppni	"	489.444
4.	Styrkir	"	1.782.700
	Happdrætti	"	611.500
	Auglýsingar á búningum	"	299.824
	Sjonvarpsréttindi	"	1.000.000
	Dansleikir	"	154.942
	Skólamót KÍÍ	"	96.000
	Vaxtatekjur	"	<u>113.768</u>
		Kr.	<u>6.557.942</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR KKI FR. 25.4.1979

EIGNIR:

Ávr. 55344 Verslunarbanka Íslands		Kr.	480.076
Ávr. 20768 Samvinnubankinn Hafnarf.		"	921
Ávr. 29021 Landsbanki Íslands		"	6.451
Ávr. 34650 Landsbanki Ísl. Múlaútibu		"	5.243
Buningar	Kr.	76.362	
-afskrifafað	"	38.181	" 38.181
Boltar	Kr.	47.239	
- afskrifað	"	23.619	" 23.620
Skrifstofuhúsgögn	Kr.	48.413	
- afskrifað	"	6.819	" 41.594
Áhöld	Kr.	33.481	
-afskrifafað	"	5.261	" 28.220
Bókaeign		"	40.000
KKI-merki		"	66.470
Olympíuþeningar		"	27.500
Ogr. styrkir héraðssambanda		"	288.000
5. Skuldunautar		"	3.457.529
Höfuðstóll 1.5.1978	Kr.	2.455.446	
- tekjuafgangur	"	630.649	" 1.824.797
			Kr. 6.328.602

SKULDIR:

6. Ógreiddir reikningar		Kr.	3.679.793
7. Lánadrottmar		"	2.648.809
			Kr. 6.328.602

SKÝRINGAR MED ÁRSREIKNINGUM (FRH)

5. SKULDNAUTAR:

Armann, körfuknattleiksdeild	Kr.	170.218
Esja, körfuknattleiksfélag	"	16.985
Fram, körfuknattleiksdeild	"	2.336
Hörður, Patreksfirði	"	65.795
Haukar, Hafnarfirði	"	59.205
Íþrottasamband Íslands	"	724.029
Íþrottabandalag Reykjavíkur	"	496.410
Íþrottabandalag Keflavíkur	"	34.050
Íþrottafélag Stúdenta	"	12.350
Íþrottabandalag Akraness	"	36.060
Íþrottabandalag Vestmannaeyja	"	76.358
Körfuknattleiksráð Reykjavíkur	"	30.280
Léttir, körfuknattleiksfélag	"	1.440
Mínir, Laugarvatni	"	32.782
Ríkisútvarpið-sjónvarp	"	1.000.000
Reykholts-skóli	"	28.411
Ungmennafélagið Snæfell, Stykkish.	"	92.294
Ungmennafélag Grindavíkur	"	128.064
Ungmennafél. Skallagrímur, Borgarn.	"	111.501
Ungmennafélag Selfoss	"	6.556
Ungmennafél Tindastoll, Sauðarkr.	"	47.931
Valur, körfuknattleiksdeild	"	6.900
Þór, Akureyri, körfuknattl.deild	"	260.974
Þáll Júlíusson	"	16.600
	Kr.	<u>3.457.529</u>

7. LÁNADROTTNAR:

Dómaranefnd KÍÍ	Kr.	183.770
FIBA	"	157.200
ÍR, körfuknattleiksdeild	"	614
KR, körfuknattleiksdeild	"	234.247
Körfuknattleiksfélag Isafjarðar	"	4.955
Minni-Bolta nefndin	"	62.240
Olympíunefndin	"	184.000
Stefan Ingólfsson	"	23.277
Tim Dwyer	"	132.000
Unglinganefndin	"	1.632.070
Ungmennafélag Njarðvíkur	"	29.492
Þórdís Anna	"	4.944
	Kr.	<u>2.648.809</u>

SKYRINGAR MED ÁRSREIKNINGUM KKI

1. STYRKUR TIL LANDSLIDSNEFNDAR:

Gjöld: Kostn. v. utanferðar		Kr. 1.328.511
Þjálfaralaun		" 165.000
		<u>Kr. 1.493.511</u>
Tekjur: Stjórnukvöld	Kr. 680.680	
Vextir	" 15.136	
Auglýsingar á buringum	" 350.000	
Endurgr. ferðakostn. dómara	" 50.200	
		<u>Kr. 1.096.016</u>
		<u>Kr. 397.495</u>

2. ISLANDSMOTT:

Tekjur: Þátttökugjöld		Kr. 1.439.000
Tekjur af leikjum		" 1.022.374
Sektir		" 30.000
		<u>Kr. 2.491.374</u>
Gjöld: Verðlaunapeningar	Kr. 425.370	
Leikskrá	" 56.240	
		<u>" 481.610</u>
		<u>Kr. 2.009.764</u>

3. BIKARKEPPNI:

Tekjur: Þátttökugjöld		Kr. 374.000
Tekjur af leikjum		" 198.404
		<u>Kr. 572.404</u>
Gjöld: Verðlaunapeningar		" 82.960
		<u>Kr. 489.444</u>

4. STYRKIR:

Styrkur ÍSÍ (áætlað)		Kr. 1.765.000
Kennslustyrkur íþrottanefndar (áætlað)		" 17.700
		<u>Kr. 1.782.700</u>

6. OGREIDDJÁR REIKNINGAR:

Flugleiðir hf		Kr. 33.170
Morgunblaðið		" 82.500
Konráð Axelsson		" 62.295
Hótel Esja		" 92.675
Hótel Garður		" 18.000
Lögfræðideild Landsbanka Íslands		" 294.100
Málflutningsst. Guðm. Petursson-Axel Einarsson		" 2.586.857
Haukur Jónsson hrl		" 510.196
		<u>Kr. 3.679.793</u>

REKSTRARREIKNINGUR UNGLINGANEFNNDAR KKI 1.5.1978 - 25.4.1979

GJÖLD:

Kostnaður v. Laugarvatns	Kr.	756.804	
- innborguð þátttökugjöld o.fl.	"	618.936	Kr. 137.866
Kostnaður v. NM Finnlandi	Kr.	2.366.627	
- innb. leikmenn, styrkir o.fl.	"	2.342.290	" 24.337
Kostnaður v. EM V.Þyskalandi	Kr.	2.263.050	
- innb. leikmenn, styrkir o.fl.	"	2.175.000	" 88.050
Afskriftir			" 50.500
			Kr. 300.753

TEKJUR:

Unglingamót KKI	Kr.	391.980	
- kostnaður	"	336.804	Kr. 55.176
Vaxtatekjur			" 1.080
Rekstrarhalli			" 244.497
			Kr. 300.753

EFTNAHAGSREIKNINGUR UNGLINGANEFNNDAR KKI PR. 25.4.1979

EIGNIR:

Avn. 2209 Sparisj. Rvk og nágr.			Kr. 250.919
Einingar			
- afskrifað	Kr.	145.051	
	"	45.300	" 99.751
Áhöld	Kr.	15.846	
- afskrifað	"	5.200	" 10.646
Unglingalandsliðsmerki			" 222.500
KKÍ			" 1.632.070
			Kr. 2.215.886

SKULDIR:

Samþykktir vixlár			Kr. 930.200
Ógreiddir reikningar			" 547.500
Lánadrottinnar			" 650.704
Höfuðstóll 1.5.1978	Kr.	331.979	
- rekstrarhalli	"	244.497	" 87.482
			Kr. 2.215.886

REKNAHAGSREIKNINGUR POLAR CUP NEFNDAR 1978 PR: 25.4.1979

LIGNIR:

Penningar í sjoði	Kr.	9.532
Olympiunefnd v. minjagripa	"	8.000
Önnheimtar auglýsingar	"	85.000
		<u>Kr. 102.532</u>

SKULDIR:

Hotel Esja	Kr.	79.500
Eignir uafrem skuldir	"	23.032
		<u>Kr. 102.532</u>

